Morgunblaðið
25 | 04 | 2018



# SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

# Hún verður víst haldin í ár!





Útlitið var ekki bjart fyrir örfáum vikum þegar Söngkeppni framhaldsskólanna var nærri blásin af, annað árið í röð.

Framhaldsskólanemar voru þó ekki af baki dottnir og héldu sínu striki. Keppnin skyldi haldin í ár. Úr varð að Söngkeppni framhaldsskólanna 2018 fer fram laugardaginn 28. apríl í Íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi. Steiney Skúladóttir og Atli Már Steinarsson eru kynnar keppninnar í ár.

**24 glæsileg atriði í Söngkeppni framhaldsskólanna**

Alls eru 24 framhaldsskólar skráðir til leiks en keppendur eru þó nokkuð fleiri þar sem sumir skólar senda heilu sönghópana á svið. Keppnin hefst kl. 21 og er sýnd beint á RÚV.

Söngkeppni framhaldsskólanna var fyrst haldin árið 1990 og hefur verið haldin síðan nema í fyrra. Þá tókst ekki að halda keppni.

Sigurvegarar keppninnar hafa komið úr ýmsum skólum. Enginn einn skóli hefur „átt“ keppnina heldur hafa margir hrósað sigri. Ómögulegt er að segja fyrir um hvaða skóli eða hvaða atriði sigrar í ár.

**Margt þarf að smella svo hægt sé að halda keppnina**

Davíð Snær Jónsson er formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema sem heldur keppnina. Hann segir að margt þurfi að smella til að svona umfangsmikill viðburður geti orðið að veruleika. Allir lögðust á eitt og í ár tóku Vinir hallarinnar á Akranesi að sér að halda keppnina í samstarfi við framhaldsskólanema.



Davíð Snær Jónsson, formaður SÍF.

Hann segir það mikilvægt að keppnin skuli sýnd í sjónvarpi og einnig sé nauðsynlegt fyrir félagið að fá með sér einhvern framkvæmdaaðila, keppnin sé orðin það stór í sniðum. „Það er mikilvægt að sýnt sé frá keppninni í sjónvarpi svo landsmenn geti orðið vitni að þessu og nemendur fylgst með sínum keppendum.

Keppnin er það umfangsmikil og dýr í framkvæmd að það gengur ekki upp lengur að framhaldsskólanemar geri allt sjálfir. Síðustu ár hefur það ekki verið hægt. Nemarnir hafa séð um hluta af undirbúningi.“ Davíð bendir á að flestir skólar standi einnig að veglegum undankeppnum og leggi þannig mikið í að velja sinn fulltrúa.

**Stórkostlegar forkeppnir skólanna**

„Það er magnað hvað þessar forkeppnir eru orðnar stórar og flottar. Metnaðurinn hjá skólunum er mjög mikill og fyrstu árin var sjálf úrslitakeppnin, Söngkeppni framhaldsskólanna, algjörlega í höndum framhaldsskólanema. Ákveðnir skólar komu sér saman um að deila niður þáttum í undirbúningnum; einn skóli reddaði tæknifólki, annar leitaði að styrkjum, þriðji sá um sviðið o.s.frv. Þannig varð keppnin fyrst til.

En framhaldsskólanemar hafa almennt minni tíma núorðið. Með styttingu náms var námsefnið ekkert dregið saman í samræmi við það, þannig að álagið er meira.“

**Öflugt hagsmunafélag sem gætir réttinda nemenda**

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) var stofnað 4. nóvember 2007 við sameiningu Hagsmunafélags framhaldsskólanema og Iðnnemasambands Íslands, en Félag framhaldsskólanema leið undir lok nokkrum árum fyrr. Markmiðið með stofnun SÍF var að setja á laggirnar stórt og öflugt hagsmunafélag fyrir alla nema á framhaldsskólastigi og stuðla þannig að því að brúað yrði það bil sem hefur verið á milli bók- og iðnnáms og tryggja að ekki yrði brotið á réttindum eða hagsmunum framhaldsskólanema.

**Stemma stigu við mismunun**

„Við berjumst fyrir réttindum nemenda og reynum að ganga úr skugga um að ekki sé verið að mismuna nemendum og slíkt. Við vinnum með menntamálaráðuneyti og fleiri aðilum að ýmsum verkefnum,“ segir Davíð og nefnir sem dæmi aukna áherslu á sálfræðiþjónustu í skólum, áherslu á að skoða stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku og fleira. „Við erum að taka bæði á ósýnilegum vandamálum og þeim sem eru sýnilegri.“

Eitt af þeim verkefnum sem sambandið hefur staðið fyrir er Söngkeppni framhaldsskólanna og þótt hún snúi ekki endilega að hagsmunum nemenda eða réttindum þá segir Davíð Snær hana þó mikilvægan þátt í lífi framhaldsskólanema.

**Svona keppni þekkist hvergi annars staðar í heiminum**

„Það hefur sýnt sig í gegnum árin að þeir sem hafa tekið þátt í keppninni hafa skarað fram úr á tónlistarsviðinu og náð að nýta keppnina sem ákveðinn stökkpall. Þetta er frábær vettvangur fyrir nemendur að kynnast og fá að sjá hæfileikaríkustu nemendur hvers skóla stíga á svið. Svona keppni, sem öllum framhaldsskólum landsins býðst að taka þátt í, þekkist ekki annars staðar í heiminum. Við erum mjög stolt af því að geta staðið fyrir svona keppni.“

## Af hverju söngkeppnir?



Elísa Sól Bjarnadóttir sat í undirbúningsnefn keppninnar.

Söngur hefur fylgt manninum í aldanna rás, söngur getur verið tjáning eða nautn. En hvað lætur manninn sækja í að heyra söng? Söngur er ákveðin list.

List er sú íþrótt að gera eitthvað fagurt eða eftirtektarvert, maðurinn sækir í þetta því án listarinnar værum við örugglega öll drulluþunglynd eða bara dauð. Við söng og aðra list leysir heilinn hormón sem heitir dópamín, það hormón lætur okkur líða vel. Maðurinn sækir í að líða vel, döö, þess vegna förum við á listsýningar og tónleika. Söngkeppnir eru einnig viðburður sem við sækjum í.

Lengi hefur verið keppt í söng og hefur það aldrei verið jafn vinsælt og nú. Margar stjörnur hafa komið sér á framfæri í gegnum söngkeppnir af því að við höfum öll gaman af því að sjá eitthvað nýtt.

En hvað er það sem gerir söng að besta söngnum? Er það sá söngvari og það lag sem leysir mesta dópamínið? Eða er það algjört smekksatriði? Einhvers staðar setjum við mörk, fólk er oft sammála um hvaða söngur sé fallegur og hvaða söngur geti ekki talist áheyrilegur. Er það tengt dópamínlosuninni eða er eitthvað allt annað sem fær okkur til að njóta tónlistarinnar?

Þegar söngur er dæmdur er oft farið eftir reglum; hvernig söngvari beitir rödd sinni, lagavali og tilfinningunni sem söngvarinn setur í sönginn. Söngvarinn er örugglega uppfullur af þessu dópamíni sem maðurinn sækir svo í; þegar söngvarinn leyfir tilfinningunni svo að flæða með söngnum til áheyrenda finnum við sjálf fyrir dópamínlosuninni og njótum þess að hlusta.

Við getum því sagt að söngur sé dæmdur eftir því hve mikill gleðigjafi söngvarinn er. En eigum við ekki að leyfa áheyrendum að dæma um það laugardaginn 28. apríl þegar Söngkeppni framhaldsskólanna verður haldin á Akranesi.

## Sigurskólar í Söngkeppni framhaldsskólanna frá upphafi

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1990** | Fjölbrautaskóli Suðurlands | **2006** | Fjölbrautask. Vesturlands |
| **1991** | Flensborgarsk. í Hafnarfirði | **2007** | Verkmenntask. á Akureyri |
| **1992** | Menntaskólinn í Reykjavík | **2008** | Verzlunarskóli Íslands |
| **1993** | Menntaskólinn í Reykjavík | **2009** | Fjölbrautaskóli Vesturlands |
| **1994** | Menntaskólinn í Kópavogi | **2010** | Borgarholtsskóli |
| **1995** | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | **2011** | Tækniskólinn |
| **1996** | Menntaskólinn í Kópavogi | **2012** | Tækniskólinn |
| **1997** | Menntask. við Hamrahlíð | **2013** | Menntask. við Hamrahlíð |
| **1998** | Menntask. við Hamrahlíð | **2014** | Tækniskólinn |
| **1999** | Flensborgarsk. í Hafnarfirði | **2015** | Menntaskólinn í Reykjavík |
| **2000** | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | **2016** | Menntask. við Hamrahlíð |
| **2001** | Flensborgarsk. í Hafnarfirði | **2017** | Enginn sigurvegari – keppnin ekki haldin |
| **2002** | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | **2018** | ? |
| **2003** | Menntaskólinn á Akureyri | | |
| **2004** | Menntask. við Hamrahlíð | | |
| **2005** | Menntaskólinn í Reykjavík | | |



Morgunblaðið **Útgefandi** Árvakur **Umsjón** Eyrún Magnúsdóttir eyrun@mbl.is **Auglýsingar** Valur Smári Heimisson valursmari@mbl.is **Prentun** Landsprent ehf. | Forsíðumynd: Thinkstock

# GRÆN ORKA Í GLASI

## HOLLIR ÞEYTINGAR MEÐ ÍSLENSKU GRÆNMETI

### LAUFLÉTTUR



// 1 Grand salat // 1 rauð paprika
// 2 cm engifer // 2 lúkur frosinn mangó (eða ferskur)
// safi úr ½ sítrónu // 4 dl kalt vatn
**Allt sett í blandara og blandað vel**

### SPRÆKUR



// 1 knippi pottasalat, t.d. Grand-, Endive- eða íssalat
// 2 stilkar sellerí // 1 avókadó // 2 gulrætur
// 2 epli (helst lífræn) // 4 dl kalt vatn // handfylli af klökum
**Allt sett í blandara og blandað vel**

### SIGGI FRÆNDI



// 75 g fjallaspínat // ½ rófa (um 70 g) // 1 avókadó
// 4 dl Engifersafi // handfylli af klökum
**Allt sett í blandara og blandað vel**

### SUMARKVEÐJA



// ½ rófa (um 120 g) eða hnúðkál // 2 lúkur kínakál
// 3 meðalstórar gulrætur // 2 lúkur frosinn ananas
// 1 handfylli af frosnum/ferskum hindberjum eða blönduðum berjum // 4 dl kalt vatn
**Allt sett í blandara og blandað vel**

### YNDI



// 3 stór grænkálsblöð (eða 2 lúkur af dökkgrænu salati)
// 2 lúkur hvítkál (án kjarna) // 2,5 cm engifer
// 2 lúkur frosinn ananas // 5 dl kalt vatn
**Allt sett í blandara og blandað vel**

### SÓLSTAFIR



// 3 meðalstórar gulrætur // 1 paprika, rauð eða gul // 2 afhýddar appelsínur // 3 cm engifer
// 5 dl kalt vatn // handfylli af klökum
**Allt sett í blandara og blandað vel**

– HÖFUNDUR UPPSKRIFTA MARGRÉT LEIFSDÓTTIR LJÓSMYNDIR HARI –

**Sjáðu fleiri uppskriftir að gómsætum grænmetisþeytingum á heimasíðunni okkar.**

**www.islenskt.is**

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 67466 04/14

Birgitta Haukdal

# Símtal frá Gunnari Þórðar strax á eftir

Þó að Birgitta Haukdal hafi ekki hlotið verðlaunasæti þegar hún tók þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd Laugaskóla opnaði sá söngur henni leið inn í íslenska tónlistarheiminn. Hún segir keppnina mjög mikilvægan vettvang fyrir ungt fólk sem vill koma sér á framfæri í tónlistinni og þetta hafi verið henni dýrmæt reynsla.

„Ég sem ung stelpa kom utan af landi og fyrir mér var þetta algjör draumur, að fá að syngja í keppni sem þessari fyrir Framhaldsskólann á Laugum. Flutningurinn gekk svona ágætlega, engir flugeldar svo sem, en ég komst klakklaust í gegnum þetta.

Nema hvað að stuttu síðar hringir Gunnar Þórðarson, sem hafði verið í dómnefnd keppninnar, í mig og spyr hvort ég hafi áhuga á að taka þátt í ABBA-sýningu sem hann var þá að vinna í og átti að setja upp í Broadway.“

Birgitta bjó þá á Húsavík svo það var stór pakki fyrir hana að fara út í slíka sýningu í Reykjavík og Gunnar þurfti að leita samþykkis hjá foreldrum hennar.

„Þau tóku vel í þetta, enda vissu þau að söngur er líf mitt og yndi. Til að byrja með flaug ég suður hverja einustu helgi til að taka þátt í sýningunni og endaði svo á því eftir ár af því flugi að flytja til Reykjavíkur og hef verið að syngja síðan.

Ég hugsa oft til þess að ef ég hefði ekki tekið þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna hefði Gunni Þórðar ekki tekið eftir mér og ég væri enn á Húsavík að vinna í bakaríinu,“ segir Birgitta og hlær. „Það er nefnilega ekkert mikilvægast að sigra í keppnina heldur er þetta ótrúlega mikilvægur vettvangur fyrir söngvara og tónlistarfólk að koma fram og tengjast.“

Birgitta lærði mikið á því að taka þátt í keppninni.

„Ég mætti með kassettu sem innihélt lagið Wind Beneath My Wings með Bette Midler og lét hljómsveitina hafa hana. Á þessum tíma átti maður ekki stórt safn laga til að velja úr, bara það sem maður hafði á kassettunum heima. Hljómsveitin spilaði það eins og það var á kassettunni en í dag veit ég að lagið var í allt of lágri tóntegund fyrir mig, sem hentaði mér ekki. Síðan þá hef ég passað að syngja lög í réttum tóntegundum!“



Birgitta telur að hún væri að gera eitthvað allt annað í dag ef ekki hefði verið fyrir Söngkeppni framhaldsskólanna.

Svavar Knútur Kristinsson



Svavar Knútur sneri lagi úr barnaleikriti upp í djass.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

# Eignaðist framtíðarfélaga

Ég eignaðist marga góða vini þarna sem hafa fylgt mér síðan og margir þeirra hafa orðið góðir samstarfsfélagar og félagar í tónlist síðar meir,“ segir Svavar Knútur Kristinsson sem tók þátt í keppninni árið 1995 og landaði þriðja sætinu.

Svavar söng og spilaði lagið „Ræningjarnir leita“ úr Kardemommubænum og flutti það fyrir hönd Menntaskólans við Hamrahlíð. Flestir þekkja lagið en í því reyna ræningjarnir að hafa upp á ýmsum munum sem þeir hafa týnt, svo sem húfunni sinni, hempunni og flautunni.

„Ég sneri laginu upp í djass og gerði það aðeins þunglyndislegra en í minni útfærslu voru ræningjarnir ekki beint viðkunnanlegir gleðigaurar heldur meiri durtar. Ég var að læra á píanó á þessum tíma og var eitthvað að leika mér við hljóðfærið og þetta var útkoman, þetta var svona tilraunamennska unglingsins.

Keppnin sjálf gaf mér ákveðið búst í sjálfstrausti því það var ekki stórt á þeim tíma, maður var að feika það þangað til maður meikaði það. Þetta var einnig mikill skóli í að venjast því að syngja fyrir framan stóran áheyrandahóp en þetta voru alveg um 800 manns sem maður söng fyrir.“

Meðal félaga sem Svavar Knútur eignaðist í keppninni var Jón Geir Jóhannsson, trommari Skálmaldar, en þeir hafa unnið mikið saman í alls konar verkefnum eftir þetta.

„Þetta var skemmtileg reynsla til að eiga í hjartanu og eftir þetta fannst mér ekki eins mikið mál að gera tónlist, stíga á svið og koma fram. Ef maður gengur inn í þessa keppni með opnum huga og í góðri trú kynntist maður ofboðslega mörgum krökkum sem eru á sama stað og maður sjálfur og eru að hugsa um sömu hluti. Á þessum árum er maður oft að leita að slíkum félögum, sem hafa svipuð markmið í lífinu og maður sjálfur.“

Hera Björk Þórhallsdóttir

# Jafnvel betra að fá rassskell

Hera Björk Þórhallsdóttir var fyrsti keppandi í Söngkeppni framhaldsskólanna til að flytja eitt vinsælasta lag keppninnar fyrr og síðar; Án þín með Trúbrot. Hún hreppti annað sætið í keppninni árið 1991 þar sem hún söng fyrir Fjölbrautaskólann Í Breiðholti.

„Sviðin gerðust ekki mikið stærri en þarna á Hótel Íslandi og það var ákveðið andlegt sjokk að standa þarna og þurfa bara að standa sig, en afar lærdómsríkt. Það sem ég lærði utan vinnubragða var fyrst og fremst hvað það er mikið til af frábærum söngvurum og tónlistarmönnum hérlendis. Þarna kynntist ég mörgum þeirra í fyrsta skipti en við kynntumst ákaflega vel allir keppendurnir,“ segir Hera Björk.

Enn þann dag í dag kemur fólk til Heru Bjarkar og rifjar upp þegar hún flutti lagið og á vegi hennar hafa orðið kvenkyns keppendur sem völdu að syngja Án þín því þær, sem litlar stelpur, sáu Heru Björk flytja í það í sjónvarpinu. Lagið valdi hún með hjálp móður sinnar sem einnig er söngkona en Hera Björk hafði þá verið að hlusta mikið á Trúbrot. Lagið krefst þess af söngvaranum að hann sé með breitt raddsvið svo hann fær að sýna vel hvað í honum býr. Vegna þessa og fallegrar melódíu lagsins varð það lag fyrir valinu hjá Heru.

„Maður fann það úti í þjóðfélaginu að það voru allir að fylgjast með keppninni. Manni svíður svolítið í dag þegar keppnin hlýtur ekki þá viðurkenningu og athygli sem hún á að fá. Það er nefnilega ákaflega flott vinna sem fer þarna fram, ekki bara á sviðinu heldur líka baksviðs og fyrir framan sviðið, undirbúningurinn allur og skipulagið.

Svo er þetta svo frábær skóli fyrir þessa krakka, það skiptir ekki máli hvort það gengur upp hjá þeim eða ekki, það er jafnvel betri skóli að fá rassskell en klapp.“



Heru Björk finnst mjög krúttlegt að sjá atriðið sitt í seinni tíð og sjá hve hrædd hún var í framan.

Morgunblaðið/Valli

Eyþór Ingi Gunnlaugsson

# Vildi syngja með pabba úti í sal

Eyþór Ingi Gunnlaugsson sló í gegn í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2007 með lagi Deep Purple, Perfect Strangers sem í íslenskri þýðingu hét Framtíð bíður en lagið flutti hann fyrir Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

„Ég hef alltaf verið mikið fyrir gamalt rokk og ról og ég valdi þetta lag því þetta var eftirlætislag pabba og Deep Purple lag sem var talsvert nýrra en það sem ég var að hlusta á. Annars var ég lengi að spá í þetta, alls konar lögum fram og til baka og var með hugmyndir um að taka lag með Radiohead eða Muse,“ segir Eyþór Ingi. Lagið Framtíð bíður tók hann fyrst í afmæli föður síns og segir að tilhugsunin um að standa á stóru sviði og syngja þetta fyrir föður sinn sitjandi úti í sal með myndavélina hafi gert útslagið hvað hann valdi að lokum.

„Manni fannst þetta svo mikil alvara, stórt svið, alvöruhljómsveit og hljóðkerfi og það er mikill lærdómur sem felst í því að reyna að leggja sig allan fram og vera stressaður.“

Opnaði þátttakan dyr fyrir þér?

„Að miklu leyti já. Hljómsveitin Buff var að spila undir og við erum allir miklir félagar í dag og svo kannski mundu margir eftir manni úr keppninni sem maður kynntist þar, það er svolítið erfitt að meta hvað kemur á undan hverju. Svo var ég reyndar dreginn inn í aðra keppni strax í kjölfarið, í Bandið hans Bubba. Ef til vill hafði Söngkeppni framhaldsskólanna áhrif á að maður fór þangað inn.“



Eyþór Ingi flutti eftirlætislag föður síns í Söngkeppni framhaldsskólanna.

Morgunblaðið/Skapti


SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Melkorka Rós Hjartardóttir keppir fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Hún er 22 ára og syngur lagið Sandcastles eftir Beyoncé.

# Langar að opna eigin söngskóla

**Af hverju þetta lag?** Ótrúlega fallegur texti og mikil tilfinning sem skilar sér.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Nei.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Hlusta oftast á playlistann þannig að ég syng bara alveg nokkur! Erfitt að velja, haha.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Palli sæti!!

**Fullkomið stefnumót?** Pizza eða bragðaref-ur og tónlist í bíl við sjóinn!

**Tinder vs Hot or not?** Tinder.

**Draumastarf?** Opna minn eigin söngskóla!

**Lýstu þér í þremur orðum.** Hvatvís, tjúlluð og hreinskilin,

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** I care eða Hello … get ekki valið

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Ööööööö hvað er það?????

**Uppáhaldssnappari?** Ég horfi ekki mikið á snapstorys en ef ég ætti að velja eitthvern svona „go to“ þá er það aronmola.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubbles????

**Ertu góð í að syngja?** Já, ég held það sko.

**Hvert er planið eftir menntó?** Úff, það er nú spurning … njóta???

**iOS vs android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað þig?** Nei.

**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Sagðist ætla vera jákvæð út árið …

**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Borðaði einu sinni grasís á indverskum stað í London. Viðbjóður.

**Hver er þinn helsti ótti?** Jarðskjálftar og fluguhljóð.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Jessie J! Væri til í karókí með henni.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Er með stál í bringunni.

**Hvaða fræga einstakling myndirðu vilja festast í lyftu með?** Jessie J!!!!

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Greys!

**Ertu í sokkum?** Jáb!

**Vandræðalegasta móment lífs þíns?** Hef oft dottið niður stiga í kringum fjölda fólks, en er annars minnst vandræðalega týpan.

**Coke vs. Pepsi?** Coke!

**Hlölli eða Subway?** Hlölli.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Pönnsur eða vöfflur?** Vöfflur.

**Ertu femínisti?** Já.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Hlusta á allt!!

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Tónlistar, vina minna og fjölskyldunnar.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Oftast bara morgunkorn.

**Uppáhaldsorð?** Föstudagur … nei hef ekki hugmynd.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** Insta!

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Bæði.

**Friends eða How I met your mother?** HIMYM.



Nína Margrét Daðadóttir er 19 ára og keppir fyrir Kvennaskólann í Reykjavík. Hún hefur valið að flytja lagið Valerie með Amy Winehouse.

# Myndi vilja eyða degi með Ellen DeGeneres

**Af hverju það lag?** Ég valdi lagið vegna þess að það er hresst, skemmtilegt og hægt er að dilla sér við það.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Ég syng skringilega lítið í sturtu en ætli það væri ekki Song for you eða Mrs Jones með Michael Buble.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Klárlega Páll Óskar!!! Þetta ætti ekki að vera spurning!!

**Fullkomið stefnumót?** Hið fullkomna deit fyrir mér er uppáhaldsdeitið sem ég hef farið á. Við fórum út að borða og ákváðum síðan að hjóla frá honum til mín. Það endaði með því að setjast á steina í höfninni í Hafnarfirði og þar horfðum við á skipin sigla inn, sólina síga niður og sáum loks glitta í stjörnurnar. Væmið, ég veit, en mig langaði helst að vera þarna alla nóttina en veðrið bauð nú ekki alveg upp á það þar sem þetta var jú á Íslandi.

**Tinder vs. Hot or not?** Tinder, fékk æðislegt deit eitt sinn úr því. Fórum í göngutúr um Hafnarfjörðinn en það merkilega/besta við deitið var að gæinn tók regnhlíf með til öryggis … það fannst mér mjög krúttlegt

**Draumastarf?** Æhh, þau eru svo mörg: Flugmaður/kona, lýtalæknir, leikkona …

**Lýstu þér í þremur orðum** Hamingjusöm, hress og lífsglöð.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Love on top, You're the one I love, you're the one I need!!!!

**Uppáhaldssnappari?** Vargurinn.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Úffff, má ég bara velja einn?

**Ertu góð í að syngja?** Sennilega … Söngferill minn hóst nú eiginlega á mínu fyrsta ári í Kvennó þar sem ég fór í prufur fyrir leikritið Þrek og tár. Þar fékk ég aðalhlutverk þar sem ég átti að syngja 5 lög af 10. Það kom mér á óvart þar sem mér fannst ég ekkert sérstaklega góð að syngja. Þaðan varð ekki aftur



snúið og eftir það vann ég söngkeppni skólans tvisvar og fékk sönghlutverk í leikritunum mín næstu ár.

**Hvert er planið eftir menntó?** Hvað sem ég geri þá mun ég fara í eitthvert nám, kannski til Bandaríkjanna eða vera heima í tölvunarfræði eða einhverju öðru.

**iOS vs android?** iOS

**Hefur löggan stoppað þig?** Jebbs, fyrir of hraðan akstur, var orðin of sein á leiklistaræfingu :/ Ekki afsökun en hehehe.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Ellen DeGeneres, hún er svo skemmtileg að hún myndi plana æðislegan dag fyrir okkur.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Mér líður ekkert sérstaklega vel ef ég nota ekki eyrnapinna eftir sturtu, bað eða sund.

**Með hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu?** Ellen DeGeneres, ég myndi hlæja og skemmta mér svo mikið. Eða einhverjum með marga lífverði því mér yrði bjargað svo fljótt.

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Ég veit í hvaða þætti ég myndi ekki vilja vera, Bachelorette!!

**Vandræðalegasta móment lífs þíns?** Úffff, ég var í tívolígarði í Svíþjóð. Ég var nýbúin á klósettinu og fór í röð til að fara í rússíbana, eftir litla stund var fólk farið að flissa og benda á mig … ég skildi ekkert og var að leita að einhverju á mér en sá ekkert. Loks kom stelpa að mér og sagði mér að það héngi klósettpappír úr buxunum mínum. Þetta var mjög vandræðalegt!!

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** UUUU kókómjólk.

**Coke vs. Pepsi?** COKE!!!

**Hlölli eða Subway?** HLÖLLI!

**Hundar eða kisur?** Hundar! Kisur gera ekki neitt.

**Pönnsur eða vöfflur?** Verð að segja vöfflur.

**Ertu femínisti?** Auðvitað.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** EKKI RAPP!! All time favorites eru Michael Buble, Zara Larsson og Frank Ocean.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Mömmu og pabba! Þau vekja mig á morgnana, elda, sjá um mig og kenna mér alltaf eitthvað nýtt!!

**Hvað borðarðu á morgnana?** Mjög misjafnt: ristað brauð, boost, hafragraut eða skyr.

**Uppáhaldsorð?** Ekki orð heldur orðtakið: Það kom babb í bátinn.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir, classic.

**Snap eða insta?** Hvorugt, orðin svolítið þreytt á að skoða þetta. En ef ég þyrfti að velja þá væri það Snapchat því þar spjallar maður við vinina.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** nina_margret á hvoru tveggja ;)

**Friends eða How I met your mother?** Friends.


ÍSLENDINGAR
HAFA ALLA TÍÐ
ICELAND 26 POINTS
ROMA 1991
KUNNAÐ AÐ META
GÓÐ TVÍEYKI
- HIÐ FULLKOMNA TVÍEYKI
STJ RNU
PARTÝ
Skrúfur, flautur, franskar og hringir
4x-mix
VOGA
ídýfa
KRYDD
175 g

Birkir Blær Óðinsson er 18 ára og keppir fyrir Menntaskólann á Akureyri. Hann ætlar að syngja lagið I put a spell on you.

# Gæti ekki lifað án Ed Sheeran



**Af hverju það lag?** Af því bara.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Bubbi.

**Draumastarf?** Tónlistarmaður.

**Lýstu þér í þremur orðum.** Birkir Blær Óðinsson.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Ed Sheeran.

**Uppáhaldssnappari?** Gói sportrönd.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Fishy.

**Ertu góður í að syngja?** Nei.

**iOS vs. android?** iOS.

**Ef þú værir fastur í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Friends.

**Ertu í sokkum?** Já.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Ertu A- eða B-manneskja?** B.
**Ertu femínisti?** Já.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Ed Sheeran.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Ed Sheeran.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Hleðslu.

**Snap eða insta?** Snap.

ig: birkir.blaer sc: birkirbo.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

Fyrir hönd Menntaskólans við Hamrahlíð keppa Jóhanna Malen 19 ára og Arvid Ísleifur 17 ára. Þau ætla að flytja lagið Spectrum með Florence + The Machine, þó í breyttri útgáfu.

# Ekki hægt að lifa án súrefnis eða tónlistar

**Af hverju það lag?** Þetta er skemmtilegt lag sem hægt er að túlka á marga vegu og flytja eins og manni sjálfum finnst vera réttast.

**Munuð þið syngja til einhvers í salnum?** **Malen:** Arvid.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** **Malen:** Léleg júróvisjónlög.
**Arvid Ísleifur:** Komdu nú að kveðast á.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** **Malen:** Bubbi
**Arvid:** Bubbi.

**Fullkomið stefnumót?** Með fröllum.

**Tinder vs. Hot or not?** **Arvid:** Tinder er dótið sko.

**Draumastarf?** **Malen:** Stjarneðlisfræðingur eða kartöflubóndi.
**Arvid:** Vinna við kjötborð í Nóatúni.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** **Malen:** Mahjong.

**Eruð þið góð í að syngja?** **Arvid:** Já, rosa.

**Hvert er planið eftir menntó?** **Arvid:** Út að leika mér.
**iOS vs android?** **Malen:** Android.
**Arvid:** Windows.

**Hefur löggan stoppað ykkur?** **Malen:** Nei, ég er ekki einu sinni með bílpróf.
**Arvid:** Nei, ég er ekki dólgur.

**Síðasta lygi sem þið sögðuð?** **Malen:** Ég missti af strætó.
**Arvid:** Ég lýg ekki.

**Furðuleg staðreynd um ykkur?** **Malen:** Ég hef aldrei smakkað nocco.
**Arvid:** Ég er blandari.

**Ef þið væruð föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur mynduð þið vilja að það væri?** **Malen:** Útsvar.

**Ertu í sokkum?** **Arvid:** Já.

**Vandræðalegasta móment lífs þíns?** **Arvid:** Ég labbaði á stærðfræðikennarann minn.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Sykur er hollari.

**Coke vs. Pepsi?** **Malen:** Hvort tveggja vont, kjósum Maltextrakt!

**Hlölli eða Subway?** Subbari eða bara Sbarro.

**Hundar eða kisur?** **Malen:** Kettir.
**Arvid:** Kisur kisur.

**Pönnsur eða vöfflur?** **Malen:** Pönnsur.
**Arvid:** Pönnsur.

**Á hvernig tónlist hlustið þið?** **Malen:** Tónlist sem mér þykir vera góð.

**Hvers gætuð þið ekki lifað án?** **Malen:** Súrefnis.
**Arvid:** Tónlistar.

**Hvað borðið þið á morgnana?** **Malen:** Seríos.

**Uppáhaldsorð?** **Malen:** Þáþrá.
**Arvid:** Akrasáð.

**Bláir eða svartir pennar?** **Malen:** Svartir.

**Eruð þið með opið instagram eða snapchat?** **Malen:** Instagram, @appelsinusafi.
**Arvid:** Instagram: @hrisleifur.

**Friends eða How I met your mother?** **Arvid:** How I met your mother.



Akureyrarbær
Við styðjum okkar keppendur


ísey
SKYR
Bláber
ALLTAF RÉTTA
AUGNABLIKIÐ
PRÓTEINRÍKT – FITULAUST
#iseyskyr

Haraldur Fannar Arngrímsson 19 ára keppir fyrir Menntaskólann í Kópavogi. Hann tekur lagið Hotline bling

# Skíthræddur við fallhlífarstökk

**Af hverju það lag?** Því það er ofboðslega skemmtilegt lag.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Ég mun syngja til allra í salnum.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** You give me something með James Morrison.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Bubbi Morthens.

**Fullkomið stefnumót?** Úff, ég myndi segja að það að taka góðan ísbíltúr og göngutúr í náttúrunni væri mjög gott stefnumót.

**Tinder vs Hot or not?** Tinder.

**Draumastarf?** Draumurinn væri að geta unnið sem atvinnu-„performer“.

**Lýstu þér í þremur orðum.** Einlægur, hress og með athyglisbrest á háu stigi haha.

**Uppáhaldslag með Beyonce?** Drunk in love.

**Hvert er átrúnaðargoð þitt?** Góð spurning, en ef ég verð að velja einn einstakling þá væri það sir Paul McCartney.

**Uppáhaldssnappari?** Goisportrond.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Hinn klassíski bubble struggle.

**Ertu góð/ur/tt í að syngja?** Já.

**Hvert er planið eftir menntó?** Ferðast og njóta og svo stefni ég á fjármálaverkfræði.

**Hefur löggan stoppað þig?** Aldrei.

**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Ég lýg ekki nema í gríni svo ætli það hafi ekki verið þegar ég laug að félögum mínum um daginn að ég væri svaklega peppaður í fallhlífarstökk (er skíthræddur við fallhlífarstökk) sem endaði með því að þeir urðu mjög til í það og við skráðum okkur í fallhlífarstökk í sumar, mér til mikillar gleði haha.



**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Lamadýr.

**Hver er þinn helsti ótti?** Að vera lokaður inni einhvers staðar.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Justin Bieber. Við myndum syngja, spila körfu, fá okkur eitthvað mjög sveitt að borða og ég myndi síðan rústa honum í FIFA-leik.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Ég hlæ mikið í aðstæðum þar sem ég á alls ekki að hlæja.

**Hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu með?** Kendrick Lamar.

**Ef þú værir fastur í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Það væru líklega Lost-þættirnir, þeir voru geðveikir.

**Ertu í sokkum?** Já, meira að segja á báðum fótum.

**Vandræðalegasta móment lífs þíns?** Hmm … þarf að velja úr mjög mörgum mómentum til að finna það vandræðalegasta.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Kókómjólk, þarf ekkert að flækja þetta.

**Coke vs Pepsi?** Coke.

**Hlölli eða Subway?** Hlölli.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Ertu A- eða B-manneskja?** Langar að vera A en ég myndi tilheyra B-flokknum.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur.

**Ertu femínisti?** Já.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Hlusta aðallega á klassískt rokk, popp og dass af rappi.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Redbull.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Eitt stykki hleðslu og banana.

**Uppáhaldsorð?** Öll jákvæð orð.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** insta.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Neibb, hvort tveggja lokað.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

---

Kristín Helga Hagbarðsdóttir er 19 ára og keppir fyrir Menntaskólann á Ísafirði. Hún ætlar að syngja lagið Piece by piece með Kelly Clarkson

# Dreymir um að synda með höfrungum og Justin Bieber

**Af hverju það lag?** Miklar tilfinningar í því lagi og ótrúlega gaman að syngja það.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Mun syngja til allra sem eru að hlusta.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Shackles – Mary Mary & My neck, my back.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Báðir en samt meira Bubbi.

**Fullkomið stefnumót?** Eldfjallarúllan á Tokyo, pepsi max og Friends, 6. sería. Svo bara karamelludýr og sofna í sykurvímu.

**Tinder vs Hot or not?** Hot or not.

**Draumastarf?** Allt sem tengist hönnun, arkitektúr, söng, leiklist og bara öll list ef ég má segja það.

**Lýstu þér í þremur orðum.** Skynsöm, ákveðin, flippari.

**Uppáhaldslag með Beyonce?** I was here og allt sem hún gerir live er fullkomið.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Simon Cowell.

**Uppáhaldssnappari?** Starkadurpet – alltaf fyndinn, ekkert vesen.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubble struggle eða leikurinn þar sem þú þarft að hamra spýturnar neðan af skónum, man ekkert hvað hann heitir en hann er mjög ávanabindandi.

**Ertu góð í að syngja?** Nei, það eru bara svo fáir í MÍ :(

**Hvert er planið eftir menntó?** Læra meira, háskólast og skoða og upplifa eitthvað alveg nýtt.

**iOS vs android?** iOS, ég er með fóbíu fyrir android.

**Hefur löggan stoppað þig?** Já, löggan á Ísafirði er mikið fyrir að láta mann blása, veit ekki hvað það er … skemmtileg tæki kannski?



**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Ég lýg ekki en þetta var lygi sem ég laug.

**Hver er þinn helsti ótti?** Ég hef alltaf verið ógeðslega hrædd um að ég stressprumpi á meðan ég er að syngja á sviði fyrir framan fólk og prumpið fari beint upp í pjölluna :)

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Justin Bieber og ég skammast mín ekki einu sinni smá. Færum til Havaí eða Bora Bora að synda með höfrungum, klappa öpum og væntanlega skíta peningum og prumpa glimmeri.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Ég á þrjú börn.

**Hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu með?** Ellen DeGeneres.

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Jane the virgin. Ég elska elska elska Rogelio de la Vega.

**Ertu í sokkum?** Já, alltaf.

**Vandræðalegasta móment lífs þíns?** Ég verð voða sjaldan vandræðaleg … hef allavega enga crazy sögu að segja.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Bara kókómjólk, sykur gerir mann sætari grrr.

**Coke vs Pepsi?** Pepsi (max).

**Hlölli eða Subway?** Subwaykaka, því ef þú kaupir tvær þá er þriðja á 11 krónur. Maður á samt alltaf að segja „og tvær subwaykökur“ svo afgreiðslufólkið þurfi að segja „já ef þú kaupir þrjár þá er þriðja á 11 krónur“. Það er bara svo ódýrt og skemmtileg tilbreyting. Að fara á Subway er eins og að fara bara til útlanda. Alveg klikkað. Svo hef ég ekki smakkað Hlölla, kannski er það ástæðan.

**Hundar eða kisur?** Hundar. Á dóttur sem er hundur, Tinna María Bieber. Hún gerir mig stolta á hverjum degi.

**Ertu A- eða B-manneskja?** A á virkum, B á helgum, dett stundum í D-týpuna en voða sjaldan. Finnst ég oft vera K-, J- og L-manneskja, líka svona blanda af öllu og í miðjunni einhvern veginn og alls konar flippmanneskja og kruðari. Gæti alveg eins verið Þ, Æ, Ö – bara alveg frjálst hvernig það raðast.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur.

**Ertu femínisti?** Að sjálfsögðu.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Alla tónlist, fer eftir aðstæðum og dögum.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Tónlistar og súrefnis.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Hafra- eða chiagraut.

**Uppáhaldsorð?** Jullubudda.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** Instagram.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Er með opið insta: kristinhelgahagbards – eeen held að ég sé ekki með opið snap.

**Friends eða How I met your mother?** Friends alltaf og að eilífu.



ÍSLAND VAKNAR
MEÐ LEXUS
Logi Bergmann
Rikka og Rúnar
LEXUS
EXPERIENCE AMAZING
Í FYRRAMÁLIÐ
KLUKKAN 06:45
VIRKA MORGNA FRÁ 06:45 - 09:00
Logi, Rikka og Rúnar vakna með þér alla virka daga á K100-FM 100,5.
Fjörugur og fræðandi þáttur sem kemur þér inn í daginn með bros á vör.
ÞÚ VAKNAR BETUR MEÐ K100
Á FM100.5
Í ÚTVARPINU
Í BEINNI Á RÁS 9
Í SJÓNVARPI SÍMANS
HLUSTAÐUOG
HORFÐU Á K100.IS
/ K100ISLAND / K100.IS
K100
FM 100.5

Fyrir Fjölbrautaskólann í Garðabæ keppir Nína Dagbjört Helgadóttir 17 ára. Hún ætlar að syngja lagið Mercy eftir söngkonuna Duffy

# Lifir fyrir músík og langar að ferðast



**Af hverju það lag?** Skemmtilegt lag og elska Duffy.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Ekkert sérstaklega nei.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** We don't have to take our clothes of – Ella Eyre.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Páll Óskar allan daginn.

**Tinder vs Hot or not?** Tindeeeer.

**Draumastarf?** Syngja alla daga, lifi fyrir músík.

**Lýstu þér í þremur orðum** Góðhjörtuð, dugleg og uppátækjasöm.

**Uppáhaldslag með Beyonce?** Crazy in Love.

**Ertu góð í að syngja?** Svo er mér sagt.

**Hvert er planið eftir menntó?** Ferðast og syngja.

**Hefur löggan stoppað þig?** Nei.

**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Er á leiðinni (var að vakna).

**Hver er þinn helsti ótti?** Að einhver ræni mér.

**Hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu með?** Cardi b, hún er stórfurðuleg og fyndin.

**Ertu í sokkum?** Já, heldur betur.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Sykurskert!

**Coke vs Pepsi?** PEPSIIIII MAX.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur.

**Ertu femínisti?** Ég er jafnréttissinni myndi ég segja frekar.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Alveg frá poppi og rappi yfir í kántrí, bæði íslenskt og erlent.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Mömmu og pabba held ég, gæti ekki verið heppnari með foreldra:) <3

**Hvað borðarðu á morgnana?** Cheerios.

**Snap eða insta?** Insta.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Opið instagram já, ninadagbjort, like, comment and subscribe ;) :)

Fyrir Borgarholtsskóla keppir hin 17 ára Eydís Elfa Örnólfsdóttir. Hún tekur lagið Somebody to love.

# Dreymir um að syngja og hanna föt

**Af hverju það lag?** Finnst það virkilega skemmtilegt.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Allra.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Guð, þau eru of mörg.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Palli.

**Fullkomið stefnumót?** Væri til í að prófa að fara í safaríferð á deiti.

**Draumastarf?** Söngkona og fatahönnuður.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Halo.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Beyoncé.

**Uppáhaldssnappari?** Sólrún.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubbles.

**Ertu góð í að syngja?** Held ég geti sagt það.

**Hvert er planið eftir menntó?** Fara í fatahönnunarnám.

**iOS vs android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað þig?** Já, í „random" tékki

**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Lýg aldrei :)

**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Sniglar.

**Hver er þinn helsti ótti?** Köngulær.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað myndUð þið gera?** Beyoncé.




**Furðuleg staðreynd um þig?** Langar í mini-pig.

**Með hvaða frægu einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu?** Beyoncé.

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Keeping up with the Kardashians.

**Ertu í sokkum?** Já.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Hvorugt.

**Coke vs. Pepsi?** Hvorugt.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Hundur.

**Ertu A- eða B-manneskja?** B.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur.

**Ertu femínisti?** JÁ!

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Allskonar.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Söngs.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Ekkert.

**Uppáhaldsorð?** Sex.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** Guð, ég veit það ekki.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Instagram-eydiselfa.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

GARÐABÆR

Við styðjum okkar keppendur




Sími: 411 5000 • www.itr.is

Pétur Snær Ómarsson, Þórður Brynjarsson, Snæþór Bjarki Jónsson og Kristján Guðmundsson úr Menntaskóla Borgarfjarðar eru á aldrinum 16 til 18 ára og skipa hljómsveitina Pési og breiðnefirnir. Þeir ætla að syngja lagið Mescalin með Egó.

# Gætu ekki lifað án lambakjöts




**Munuð þið syngja til einhvers í salnum?**

Já, til Guðjóns formanns NFVA.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Raining Blood með Slayer

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Bubbi.

**Fullkomið stefnumót?** Land Rover og whiskey.

**Tinder vs. Hot or not?** Bara bæði betra.

**Draumastarf?** Bændur.

**Lýsið ykkur í þremur orðum.** Sól, sandur og varlega.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Sveitapiltsins draumur.

**Hvert er ykkar átrúnaðargoð?**Kreftaketlener.

**Uppáhaldssnappari?** Kreftaketlener.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Spilum ekki svona tölvuleikjarusl.

**Eruð þið góðir í að syngja?** Neibb, en gerum það samt.

**Hvert er planið eftir menntó?** Bændaskólinn.

**iOS vs. android?** iOS

**Hefur löggan stoppað ykkur?** Já, bara síðast í gærkvöldi, tvisvar minnir mig.

**Síðasta lygi sem þið sögðuð?** Að Massey Ferguson væri þýskt. Hahahaha, fokk hvað það var fyndið.

**Skrítnasti matur sem þið hafið borðað?** Eitthvert útlenskt drasl. Man ekki hvað það heitir. Bara íslenskt á okkar disk!!

**Hver er ykkar helsti ótti?** Að vinna söngvakeppnina allt of léttilega.

**Ef þið gætuð eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Með Kreftaketlener og líklegast bara fyllerí allan daginn.

**Furðuleg staðreynd um ykkur?** Við erum allir með rollur í bakgarðinum hjá okkur.

**Með hvaða fræga einstaklingi mynduð þið vilja festast í lyftu?** Kreftaketlener.

**Ef þið væruð fastir í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur mynduð þið vilja að það væri?** Í „Hvað segja bændur“ á N4.

**Eruð þið í sokkum?** Já, alvöru ullarsokkum úr íslenskri ull.

**Vandræðalegasta móment lífsins?** Þegar Þórður smurði óvart koppafeiti í dekkjaventil á traktor.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Venjuleg mjólk beint úr beljunni takk.

**Coke vs. Pepsi?** Coke.

**Hundar eða kisur?** Skjóta hundinn!!

**Pönnsur eða vöfflur?** Bara bæði betra.

**Eruði feministar?** Nei.

**Á hvernig tónlist hlustið þið?** Gamla íslenska tónlist.

**Hvers gætuð þið ekki lifað án?** Lambakjöts.

**Hvað borðið þið á morgnana?** Hafragraut og lýsi.

**Uppáhaldsorð?** Sveit.

**Eruð þið með opið instagram eða snapchat?**

**Snöpp:**
**Snæþór** - snaebjark **Kristján** - krystjaninn
**Pétur** - petur135 **Þórður** - lumbi888

**Friends eða How I met your mother?** Stiklur með Ómari Ragnarssyni.

Thorvald Michael Vágseið er 16 ára nemandi við Tækniskólann. Hann syngur lagið Slow hands eftir Niall Horan.

# Til í að vera fastur í Simpsons-þætti



**Af hverju það lag?** Því að mér finnst þetta lag vera gott.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Ekki nákvæmlega viss.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Stiches eftir Shawn Mendes.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Nei.

**Fullkomið stefnumót?** Nei.

**Tinder vs. Hot or not?** Hot or not.

**Draumastarf?** Að verða söngvari.

**Lýstu þér í þremur orðum** Vitur, jákvæður, stór.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Ekkert.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Veit ekki.

**Ertu góður í að syngja?** Já.

**Hvert er planið eftir menntó?** Að gera eitthvað gott.

**iOS vs android?** Android.

**Hefur löggan stoppað þig?** Nei.

**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Man ekki.

**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Baunir.

**Hver er þinn helsti ótti?** Dauði.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Hugsa allt í einu.

**Ef þú værir fastur í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** The Simpsons.

**Ertu í sokkum?** Já.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Sykurskert kókómjólk.

**Coke vs. Pepsi?** Pepsi.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Pönnsur eða vöfflur?** Vöfflur.

**Ertu feministi?** Nei.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Rokk- og popptónlist

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Að vera lifandi.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Seríos.

**Uppáhaldsorð?** Eiginlega.

**Bláir eða svartir pennar?** Bláir.

**Snap eða insta?** Hvorugt.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Opið fyrir hvort tveggja.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

BORGARBYGGÐ
Við styðjum okkar keppendur

Rakel Eyjólfsdóttir og María Einarsdóttir eru 17 ára og keppa fyrir Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi (FVA). Þær ætla að syngja lagið Emmylou eftir First Aid Kit.

# Lagið tileinkað mömmu

**Af hverju það lag?** Okkur fannst lagið fallegt og henta okkar röddum vel. Einnig finnst okkur boðskapur textans góður.

**Munuð þið syngja til einhvers í salnum?** Auk þess sem við syngjum til allra þeirra sem hafa staðið við bakið á okkur er flutningurinn einnig tileinkaður mömmu Rakelar, Arndísi Höllu, sem lést eftir 6 ára baráttu við brjóstakrabbamein núna í febrúar.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Eigum það báðar til að syngja bara það sem okkur dettur í hug. Eigum því ekkert uppáhalds „sturtulag“.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Palli að sjálfsögðu.

**Fullkomið stefnumót?** Dinner og kósíkvöld heima í kjölfarið.

**Tinder vs. Hot or not?** Eigum báðar kærasta, þannig að ætli það sé ekki bara best að sleppa því að fara þangað hahahha.

**Draumastarf?** Draumastarfið væri að sjálfsögðu að vinna við að koma fram.

**Lýsið ykkur í þremur orðum.** Til að lýsa okkur saman í þremur orðum þyrfti þau að vera: Hressar, skessur og opnar.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Mörg mjöööög góð, en uppáhalds þyrfti að vera 7/11.

**Hvert er ykkar átrúnaðargoð?** Nashvillestjörnurnar Lennon & Maisy Stella.

**Uppáhaldssnappari?** Hrefna Líf Fabjúlöss án efa.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubble Struggle og þá sérstaklega 2 player.

**Eruð þið góðar í að syngja?** Neibb, alveg hræðilegar. (En svona öllu gríni sleppt erum við svo sem alveg skítsæmilegar).

**Hvert er planið eftir menntó?** Rakel: Ég á von á kríli núna í október, en stefni á að klára menntaskólann á 4 árum og í framhaldi af því skella mér í lækninn.
**María:** Er ekki föst á neinu en langar að fara í leikarann eða eitthvað á því sviði.



**iOS vs. android?** iOS allan daginn.

**Hefur löggan stoppað ykkur?** Nei, sem betur fer.

**Síðasta lygi sem þið sögðuð?** Þær hafa greinilega ekki verið nægilega merkilegar til að muna.

**Skrítnasti matur sem þið hafið borðað?**
**María:** Hrútspungar.
**Rakel:** Bláskel.

**Hver er ykkar helsti ótti?** Köngulær og allt lítið sem flýgur.

**Ef þið gætuð eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Lennon and Maisy. Myndum semja lag og fá okkur að borða.

**Furðuleg staðreynd um ykkur?**
**María:** Get ekki sagt nein orð þar sem ð og r eru hlið við hlið (t.d. fiðrlidi ...)
**Rakel:** Ég borða svona nánast eina sítrónu á dag. Eins og appelsínu.

**Með hvaða fræga einstaklingi mynduð þið vilja festast í lyftu?** Ellen DeGeneres klárlega.

**Ef þið væruð fastar í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur mynduð þið vilja að það væri?** Friends.

**Ertu í sokkum?** Neibb, hvorug okkar.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Sykurskert allan daginn, Rakelar megin allavega. María HATAR kókómjólk.

**Coke vs. Pepsi?** Coke.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Eruð þið A- eða B-manneskjur?** B-manneskjur báðar. Allan daginn.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur.

**Eruð þið femínistar?** Óbeint. Myndum frekar skilgreina okkur sem jafnréttissinna.

**Á hvernig tónlist hlustið þið?** Allskonar.

**Hvers gætuð þið ekki lifað án?** **Rakel:** Sítróna.
**María:** Kjötfarsbolla.

**Hvað borðið þið á morgnana?** **María:** Ekki neitt.
**Rakel:** Súrmjólk er í miklu uppáhaldi þessa dagana.

**Uppáhaldsorð?** Sameiginlegt uppáhaldsorð myndi vera: lúffa.

**Bláir eða svartir pennar?** Bláir.

**Snap eða insta?** Snap.
**Eruð þið með opið instagram eða snapchat?** Já, erum með snap, instagram og facebook-síðu, @rakelmariamusic.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

---

Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir 17 ára keppir fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Hún syngur lagið Cry me a river eftir Arthur Hamilton.

# Meira tónlistarnám eftir menntó



**Af hverju það lag?** Það er geggjað lag sem er gaman að syngja og hentar röddinni minni vel.
**Lýstu þér í þremur orðum.** King shit only.

**Hvert er planið eftir menntó?** Veit ekki, örugglega meira tónlistarnám bara.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Flóni - tala saman.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Er með bráðaofnæmi fyrir hnetum :(

**Hlölli eða Subway?** Bæjarins bestu.

**Pönnsur eða vöfflur?** Súkkulaðikaka.

**Ertu femínisti?** Já væntanlega maður

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Fjöllunnar minnar.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Dominos og bragðaref.



Ægir Líndal Unnsteinsson er 18 ára nemandi við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Hann ætlar að syngja lagið Thank You með hljómsveitinni Diktu.

# Vildi taka eitthvað íslenskt

**Af hverju það lag?** Hef alltaf elskað það og vildi taka íslenskt.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Nei, held ekki.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** I Fall Apart.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Bubbi.

**Fullkomið stefnumót?** Guð, veit ekki.

**Tinder vs. Hot or not?** Tinder.

**Draumastarf?** Leikstjóri.

**Lýstu þér í þremur orðum.** Fyndinn, góður, opinn.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Single Ladies.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Dwayne Johnson.

**Uppáhaldssnappari?** Bjartur Jóhannes Trenton (bjarturlitli).

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubble Trouble.

**Ertu góður í að syngja?** Já, ég held það.

**Hvert er planið eftir menntó?** Háskóli.



**iOS vs. android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað þig?** Nei.

**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Að ég hefði skilað verkefni.

**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Grillaður skötuselur.

**Hver er þinn helsti ótti?** Að það verði ekkert úr mér.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Ed Sheeran og örugglega bara vera inni í stúdíói.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Hef farið úr lið 6 sinnum.

**Með hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu?** Tom Hanks.

**Ef þú værir fastur í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Blue Mountain State.

**Ertu í sokkum?** Já.

**Vandræðalegasta móment lífs þíns?** Þegar ég labbaði inn á fólk.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Bara kókómjólk.

**Coke vs. Pepsi?** Pepsi.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Ertu A- eða B-manneskja?** B-manneskja.

**Pönnsur eða vöfflur?** Vöfflur.

**Ertu femínisti?** Já, mundi segja það.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Ég get fundið eitthvað sem mér líkar við í öllum gerðum af tónlist.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Fjölskyldu og vina.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Cheerios.

**Uppáhaldsorð?** Vöðvinginn.

**Bláir eða svartir pennar?** Bláir.

**Snap eða insta?** Insta.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Opið Insta: aegirlindal en snappið er lokað.

**Friends eða How I met your mother?** Wow heyrðu, hahah, verð að segja Friends en mjög erfitt val.

Perla Sóley, Júlía Mjöll, Tara Sól, Elma Rún og Margrét Ír eru 16 og 17 ára og keppa fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þær ætla að syngja lagið Tell me you love me eftir Demi Lovato við íslenskan texta sem Íris Dröfn Halldórsdóttir samdi. Lagið heitir Ég er nóg.

# Stefna hver í sína áttina

**Af hverju það lag?** Þetta er grípandi og skemmtilegt lag en það er á sama tíma með mikilvægan boðskap, #Égernóg.

**Munuð þið syngja til einhvers í salnum?** Við ætlum að syngja til allra í salnum. Textinn er mjög áhrifamikill og finnst okkur að allir ættu að taka þennan boðskap til sín.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Ég er nóg, það er svo grípandi lag!

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Páll Óskar.

**Fullkomið stefnumót?** Góður matur og góður félagsskapur klikkar ekki.

**Tinder vs. Hot or not?** Tinder.

**Draumastarf?** Starf þar sem við fáum að blómstra og sýna hæfileika okkar en á sama tíma hafa gaman.

**Lýsið ykkur í þremur orðum.** Við erum metnaðarfullar, hæfileikaríkar og góðhjartaðar.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** If I were a boy er klassík.

**Hvert er ykkar átrúnaðargoð?** Helga Ásta Ólafsdóttir hefur hjálpað okkur ótrúlega mikið og lítum við mikið upp til hennar. Hún er metnaðarfull og skipulögð og leggur allt í það sem hún gerir! Hún er kóreógrafer og rekur dansskólann Danskompaní. Helga sannar það algerlega að allt er hægt ef maður hefur trú á sjálfum sér. #égernóg

**Uppáhaldssnappari?** Arnór Snær – kóngur FS.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Hmmmmm Dollhouse kemur fyrst í hugann.

**Eruð þið góðar í að syngja?** Já, við erum illaðar … eða það segir Lovísa kennari allavega.



**Hvert er planið eftir menntó?** Við stefnum allar hver í sína áttina en allar mjög langt og verður spennandi að sjá hvað tekur við og hvert tíminn leiðir okkur.

**iOS vs. android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað ykkur?** Nei.

**Skrítnasti matur sem þið hafið borðað?** Þorskauga … mælum ekki með því.

**Hver er ykkar helsti ótti?** Við erum óttalausar.

**Ef þið gætuð eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Við myndum eyða deginum með Beyoncé og sjá hvað hún gerir dagsdaglega.

**Furðuleg staðreynd um ykkur?** Við vorum allar saman í leikverki fyrr á árinu.

**Með hvaða fræga einstaklingi mynduð þið vilja festast í lyftu?** Zac Effron.

**Ef þið væruð fastar í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur mynduð þið vilja að það væri?** Friends.

**Eruð þið í sokkum?** Já, sínum af hvoru tagi.

**Vandræðalegasta móment lífsins?** Við tökum lífinu ekki of alvarlega … #égernóg

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** BARA kókómjólk.

**Coke vs. Pepsi?** Coke.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Eruð þið A- eða B-manneskjur?** Mitt á milli … það fer eftir dögum.

**Pönnsur eða vöfflur?** Vöfflur.

**Eruð þið femínistar?** Já, en án þess að fara út í öfgar.

**Á hvernig tónlist hlustið þið?** Allskonar.

**Hvers gætuð þið ekki lifað án?** Tónlistar.

**Hvað borðið þið á morgnana?** Fer eftir dögum.

**Uppáhaldsorð?** Já.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir allan daginn.

**Snap eða insta?** Instagram.

**Eruð þið með opið instagram eða snapchat?** Opið instagram.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

Mosfellsbær

Við styðjum okkar keppendur

Systurnar Bergrún Anna Birkisdóttir 16 ára og Bjarnveig Björk Birkisdóttir 18 ára keppa fyrir Menntaskólann að Laugarvatni. Þær syngja Tiger Mountain Peasant Song.

# Rækta kartöflur og hlusta á Disney-lög

**Af hverju það lag?** Lagið hentar röddunum okkar vel og nær að sýna styrkleika okkar.

**Syngið þið til einhvers í salnum?** Í laginu syngjum við hvor til annarrar en svo verður mamma náttlega í salnum.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Let it go klikkar aldrei.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Palli að sjálfsögðu!

**Fullkomið stefnumót?** Fjórhjóladeit á fjörunum í Þykkvabæ.

**Tinder vs. Hot or not?** Tinder er meira fyrir okkur.

**Draumastarf?** Vinna á Broadway.

**Lýsið ykkur í þremur orðum.**

Þrjóskar, glaðlyndar og einbeittar.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Run the World.

**Hvert er ykkar átrúnaðargoð?** Elly Vilhjálms

**Uppáhaldssnappari?** Camyklikk.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubble struggle.

**Eruð þið góðar í að syngja?** Svona ágætar.

**Hvert er planið eftir menntó?** Annaðhvort í háskóla eða á vinnumarkaðinn.

**iOS vs Android?** iOS!

**Hefur löggan stoppað ykkur?** Nei, erum mjög löghlýðnar.

**Síðasta lygi sem þið sögðuð?** Seinasta



spurningin sem við svöruðum.

**Skrítnasti matur sem þið hafið borðað?** Krókódíll.

**Hver er ykkar helsti ótti?** Fara til skólastjórans.

**Ef þið gætuð eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Með Queen B auðvitað, leika við litlu börnin hennar.

**Furðuleg staðreynd um ykkur?** Erum kartöflubændur.

**Hvaða fræga einstakling mynduð þið vilja festast í lyftu með?** Obama.

**Ef þið væruð fastar í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur mynduð þið vilja að það væri?** Game of Thrones.

**Eruði í sokkum?** Nei.

**Vandræðalegasta móment lífsins?** Þegar Bjarnveig gleymdi að klæða sig í sundskýluna áður en hún fór í sund.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Venjulega alla leið!

**Coke vs. Pepsi?** Coke.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Eruð þið A- eða B-manneskjur?** Bjarnveig er algjör morgunhani á meðan Bergrún er afar morgunfúl.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur!

**Eruð þið femínistar?** Já, við styðjum bæði réttindabaráttu karla og kvenna.

**Á hvernig tónlist hlustið þið?** Tónlistasmekkurinn hjá okkur báðum er fjölbreyttur, dýrkum þó að hlusta á Disney-lög.

**Hvers gætuð þið ekki lifað án?** Hvor annarar.

**Hvað borðið þið á morgnana?** Cheerios.

**Uppáhaldsorð?** Ketildyngja.

**Bláir eða svartir pennar?** Bláir.

**Snap eða insta?** Snapchat.

**Eruð þið með opið instagram eða snapchat?** bjarnveigb og bergrunanna á instagram;)

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

---

Svava Sól er 17 ára og keppir fyrir Verzlunarskóla Íslands. Hún ætlar að syngja lagið It's a man's world með James Brown.

# Fjármálaverkfræðin heillar




**Af hverju það lag?** Hefur verið eitt af uppáhaldslögunum mínum lengi og sýnir raddsviðið best.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** I have nothing með Whitney.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Palli alltaf.

**Fullkomið stefnumót?** Bláa lónið, classic.

**Draumastarf?** Söngkona allan daginn.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Jealous.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Drake.

**Uppáhaldssnappari?** Kylie Jenner.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bloons!!!

**Hvert er planið eftir menntó?** Læra fjármálaverkfræði í HR.

**iOS vs. android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað þig?** Neibb.

**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Sniglar aah …

**Hver er þinn helsti ótti?** Að kortinu verði hafnað, uff …

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Drake, myndum halda tónleika saman bara.

**Með hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu?** Drake.

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Friends eða Sex and the City.

**Ertu í sokkum?** Neibb.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Sykurskert.

**Coke vs. Pepsi?** Coke!!!

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Kisur.

**Ertu A- eða B-manneskja?** B.

**Pönnsur eða vöfflur?** Vöfflur.

**Ertu femínisti?** Já.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Rapp aðallega og R&B.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Sturtu.

**Uppáhaldsorð?** Drake.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** Insta.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Já, instagram.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

BLÁSKÓGABYGGÐ
Við styðjum okkar keppendur

Fyrir Menntaskólann í tónlist keppir Laufey Lín Jónsdóttir.
Hún er 19 ára og ætlar að syngja lagið What I'm doing here með Lake street dive.

# Syngur og lærir steppdans

**Af hverju það lag?** Það er uppáhaldslagið mitt! Það er rosa einfalt og er því hægt að gera það að mínu.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Take me or leave me úr Rent.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Ég held að ég verði að segja Bubbi eftir allan stuðninginn sem ég hef fengið frá honum.

**Draumastarf?** Söngkona.

**Lýstu þér í þremur orðum** Málglöð, ákveðin og hreinskilin.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Irreplaceable.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Ella Fitzgerald.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubble trouble er classic.

**Hvert er planið eftir menntó?** Ég er enn þá að ákveða hvaða háskóla ég ætla í – en ég fékk fullan styrk í Berklee College of Music í Boston þannig að ég fer líklegast þangað.

**iOS vs. android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað þig?** Nei.

**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Dúfa.

**Hver er þinn helsti ótti?** Að missa alla sem ég elska.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Ég myndi vilja eyða deginum með söngkonunni Sara Bareilles og tala um lögin hennar og læra af henni.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Ég er að læra steppdans!

**Með hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu?** Taylor Swift.

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Það væri fróðlegt að vera föst í Outlander í viku – sem karlmaður samt.

**Ertu í sokkum?** Nei.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Kókómjólk.

**Coke vs. Pepsi?** Coke.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Ertu A- eða B-manneskja?** Ég myndi segja að ég sé blanda af A og B.

**Pönnsur eða vöfflur?** Vöfflur.

**Ertu femínisti?** Já.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Aðallega klassíska tónlist, jazz, söngleikjalög, country, 2000-tónlist.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Tvíburasystur minnar … og gleraugna.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** Insta.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Já! @laufeylin

**Friends eða How I met your mother?** Friends.



Valdís Valbjörnsdóttir, 18 ára nemandi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, ætlar að syngja lagið Stone Cold eftir Demi Lovato.



# Myndi vilja taka lagið með Ariönu Grande

**Af hverju það lag?** Mér finnst þetta fallegt lag og gaman að syngja það.

**Lýstu þér í þremur orðum.** Traust, samviskusöm, húmoristi,

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Love on top.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubble Trouble.

**iOS vs. android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað þig?** Nei.

**Hver er þinn helsti ótti?** Að drukkna.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Ariana Grande. Við myndum taka lagið ;)

**Með hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu?** Joe Keery.

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Stranger Things.

**Ertu í sokkum?** Já.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Sykurskert kókómjólk.

**Coke vs. Pepsi?** Pepsi.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Ertu A- eða B-manneskja?** A.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Tónlistar.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Coco Pops.

**Bláir eða svartir pennar?** Bláir.

**Snap eða insta?** Insta.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.



Keppandi Fjölbrautaskólans við Ármúla heitir Þórey Hekla Ægisdóttir og er 17 ára.
Hún ætlar að syngja lagið I'd rather go blind

# Væri til í að festast í lyftu með Aliciu Keys

**Af hverju það lag?** Frænka mín söng þetta lag alltaf fyrir nokkrum árum og ég hef verið með það á heilanum síðan.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Nei, ekkert þannig, bara Rakelar Ingu frænku.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Never get naked in your shower.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Bubbi Morthens.

**Fullkomið stefnumót?** Beint í bólið.

**Tinder vs Hot or not?** Tinder.

**Draumastarf?** Söngkona er alltaf draumur.

**Lýstu þér í þremur orðum** Frekjudolla, fyndin og skvísa.

**Uppáhaldslag með Beyonce?** Love on top.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Bjarki Jónsson.

**Uppáhaldssnappari?** TLG ¿

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubbles, það er eini tölvuleikur sem ég kann.

**Hvert er planið eftir menntó?** Ekki farin að hugsa svo langt.

**Ios vs android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað þig?** Já.

**Hver er þinn helsti ótti?** Rósakonur í Grikklandi.

**Hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu með?** Aliciu Keys.

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** RuPaul's Drag Race.

**Ertu í sokkum?** Já, ég er alltaf í sokkum. ALLTAF.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Kókómjólk.

**Coke vs Pepsi?** Coke.

**Hlölli eða Subway?** Hlöööööööllllliiiiiii.

**Ertu A- eða B-manneskja?** B.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur.

**Ertu femínisti?** Já.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Málningardótsins míns.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** Snap.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Já.

**Friends eða How I met your mother?** Hvorugt, ég horfi bara á skemmtilegt sjónvarpsefni.



Arndís Eva er 17 ára nemandi við Verkmenntaskólann á Akureyri.
Hún ætlar að taka hæga útgáfu af laginu Believe með Cher

# Langar í sjálfboðastarf um allan heim

**Af hverju það lag?** Því ég man eftir að hafa hlustað á það sem krakki þannig að það á sérstakan stað í hjarta mínu.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Ég syng til mömmu, sem er heima á Akureyri að horfa. Það eina sem ég vil gera í lífinu er að gera hana stolta af mér og þetta er ein af þeim leiðum sem ég get gert það með, mamma er hetjan mín.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Bara eitthvað úr High school musical.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Queen Palli!

**Fullkomið stefnumót?** Matur + hvolpar. Ég þarf ekki meira en það til að vera sátt.

**Tinder vs Hot or not?** Tinder.

**Draumastarf?** Leikkona í Bandaríkjunum.

**Lýstu þér í þremur orðum** Ofvirk, ákveðin, réttlát.

**Uppáhaldslag með Beyonce?** Broken-Hearted girl.

**Uppáhaldssnappari?** goisportrond.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Bubble Trouble.

**Ertu góð í að syngja?** Ég ætla rétt að vona það, annars væri smá vandræðalegt að vera að keppa.

**Hvert er planið eftir menntó?** Taka eitt ár í sjálfboðastarfi um allan heim.

**Hefur löggan stoppað þig?** Nei, en ef hún gerði það myndi ég örugglega fara að gráta.

**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Sagðist vera veik til að hafa meiri tíma til að læra fyrir próf.



**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Grillaður froskur á priki.

**Hver er þinn helsti ótti?** Að fólki líki ekki við mig áður en það gefur sér séns á að kynnast mér.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Nikita Dragun hanging out.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Ég á fiska sem heita Gucci og Hundur.

**Hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu með?** Cardi B, því mér myndi ekki leiðast.

**Ef þú værir föst í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Keeping up with the Kardashians.

**Ertu í sokkum?** Ekki á þessari sekúndu … þetta er skrítin spurning.

**Vandræðalegasta móment lífs þíns?** Örugglega bara að fæðast! Ég er bara ein stór sprengja af vandræðalegum mómentum.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Venjuleg kókómjólk – hver myndi velja sykurskert framyfir hitt? Skil ekki þannig fólk.

**Coke vs Pepsi?** Hvorugt.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Ertu A eða B manneskja?** B.

**Pönnsur eða vöfflur?** Vöfflur.

**Ertu femínisti?** Já.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Flestallt.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Fjölskyldunnar minnar.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Ristað brauð.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** Snap.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Nei, en maður veit aldrei hvort það breytist.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.



Þær Karen Ósk Björnsdóttir, Soffía Mjöll Thamdrup og Ragnhildur Elín Skúladóttir eru á sautjánda ári og keppa fyrir Menntaskólann á Egilsstöðum. Þær syngja lagið Bennie and the Jets eftir sir Elton John.

# Lagið ákveðið í rútuferð

**Af hverju það lag?** Við vorum í rútuferð og heyrðum Bennie and the Jets spilað og hugsuðum að við yrðum að syngja þetta lag einhvern tímann og söngkeppnin var fullkomið tækifæri til þess.

**Munuð þið syngja til einhvers í salnum?** Við ætlum að syngja til Jófríðar Úlfarsdóttur.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** **Karen:** Uppáhaldslagið mitt til að syngja í sturtu er Oh darling eftir Bítlana, elsku bestu hljómsveit alheimsins, og svo syng ég líka stundum Chandalier eftir Siu, en það fer bara allt eftir skapinu.
**Soffía:** Já, uppáhaldslagið mitt til að syngja í sturtu er Heaven eftir Bryan Adams.
**Ragnhildur:** September eftir Earth, Wind & Fire, það eina sem kemur til greina.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Karen og Ragnhildur: Palli allan daginn! Hann á sérstakan stað í hjörtum okkar allra en virðist aðeins minna vera í hjarta Soffíu þar sem hún velur Bubba, hún fór meira að segja einu sinni úr afmæli Karenar til að fara á Bubba-tónleika.

**Draumastarf?** Karen: Mig hefur alltaf dreymt um að leika á stóra sviðinu og gerast leikkona, en ég hef líka áhuga á því að verða læknir eða kannski eitthvað tengt náttúruvísindum. En ef ég á að vera hreinskilin þá veit ég það ekki alveg.
**Ragnhildur:** Það er svo margt! Rithöfundur, frönskukennari eða einhvers konar listamaður eru efst á lista yfir draumastörf.
**Soffía:** Draumastarfið mitt er að verða leikstjóri, koma mér inn í kvikmyndabransann og vinna við það.

**Lýsið ykkur í þremur orðum.** Ragnhildur: Góð, bjartsýn og viðkunnanleg.
**Karen:** Hláturmild, málglöð og flippkisi.



**Soffía:** Dönsk, matgæðingur og kaldhæðin.

**Hver eru ykkar átrúnaðargoð?** **Ragnhildur:** Vigdís Finnbogadóttir, allan daginn.
**Karen:** John Lennon, allir sem þekkja mig vita það.
**Soffía:** Átrúnaðargoðið mitt er Baltasar Kormákur.

**Hvert er planið eftir menntó?** Við stefnum allar á áframhaldandi nám eftir menntaskóla.

**iOS vs android?** iOS, engin spurning.
**Síðasta lygi sem þið sögðuð?** Karen: Bróðir minn spurði hvort ég ætti tyggjó, ég sagði nei, ég átti samt tyggjó.

**Skrítnasti matur sem þið hafið borðað?**
**Ragnhildur:** Sniglar, þeir voru ekki góðir.
**Karen:** Öruggleg bara kattamatur.
**Soffía:** Ég borða aldrei neitt skrítið.

**Hver er ykkar helsti ótti?** Karen: Ég er bókstaflega hrædd við allt, en ég er mjög mjög mjög lofthrædd.
**Ragnhildur:** Ég er mjög hrædd við köngulær, þótt ég eigi erfitt með að viðurkenna það.
**Soffía:** Engin pizza.

**Furðuleg staðreynd um ykkur?** **Karen:** Þegar ég var yngri sá ég myndina Juno og eftir það hélt ég að maður yrði óléttur af því að drekka appelsínudjús þannig ég forðaðist að drekka hann í nokkur ár.
**Ragnhildur:** Ég og vinkona mín settum stundum fiskiflugur í Barbie-þvottavélar, þær dóu.
**Soffía:** Ég strauk einu sinni að heiman á hestbaki því mig langaði ekki að fara í stærðfræðitíma.

**Með hvaða fræga einstaklingi mynduð þið vilja festast í lyftu?** Við erum allar sammála um það að okkur langar bara ekki neitt að festast í lyftu.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Karen finnur engan mun, Soffía er bara kókómjólkurmanneskja en Ragnhildur er „hater“ og drekkur ekki kókómjólk.

**Hundar eða kisur?** Ragnhildur og Karen: Við erum algjörar kattamanneskjur og höfum báðar átt ketti allt okkar líf.
**Soffía:** Ég elska hvort tveggja en ef ég þyrfti að velja myndi ég örugglega velja hunda.

**Eruð þið femínistar?** Já.

**Á hvernig tónlist hlustið þið?** **Ragnhildur:** Ég hlusta mikið á 80's og 70's tónlist, en annars þykir mér flestar gerðir tónlistar skemmtilegar.
**Karen:** Ég elska gamalt rokk og 80's tónlist. Bítlarnir eru það besta sem hefur komið fyrir mannkynið og hlusta ég mjög mikið á þá, ég hlusta líka mikið á Led Zeppelin, Bee Gees, David Bowie og Pink Floyd.
**Soffía:** Lana Del Rey og Bryan Adams eru í miklu uppáhaldi en ég hlusta bókstaflega á allt, gamalt og nýtt.

**Bláir eða svartir pennar?** Við erum allar „hardcore“ aðdáendur svartra penna.

**Friends eða How I met your mother?** Friends, við elskum Friends.

Magdalena Eldey Þórsdóttir er 18 ára nemandi við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Hún flytur lagið Love is a losing game eftir Amy Winehouse.

# Innantómt líf mest ógnvekjandi

**Af hverju það lag?** Vegna þess að bæði held ég rosalega upp á Amy Winehouse sem listamann og svo tel ég að lagið klæði röddina mína nokkuð vel.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Það var ekki hugsað þannig þegar ég tók ákvörðunina um þetta lag en allir þeir sem taka textann til sín mega túlka flutninginn þannig.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Það mætti segja að allur minn söngferill eigi rætur sínar að rekja til sturtunnar svo lagalistinn er langur … Cry me a river með Justin Timberlake er klassík samt, hljóðið úr sturtuvatninu skapar ákveðna stemningu fyrir því líka.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Páll Óskar sem einstaklingur en Bubbi Morthens sem listamaður, ég hlusta meira á Bubba.

**Fullkomið stefnumót?** Það er afstætt.

**Tinder vs. Hot or not?** Ég kynntist kærastanum mínum á Tinder svo ég verð að segja … Hot or not. Nei, djók.

**Uppáhaldslag með Beyoncé?** Hlusta lítið á Beyoncé en auðvitað segi ég Touch my body.

**Uppáhaldssnappari?** Að sjálfsögðu Jeppakall69 Doperman Rakki. Svartur húmor í sínu fínasta pússi.



**Ertu góð í að syngja?** Nei, það mætti helst flokka atriðið mitt sem gjörning frekar en eitthvað annað.

**Hefur löggan stoppað þig?** Ég hef einu sinni verið stoppuð af löggunni, þá var ég búin að vera með bílpróf í tæpa viku.

**Hver er þinn helsti ótti?** Minn helsti ótti væri örugglega að lifa innantómu lífi eða að festa mig í einhvers konar aðstæðum sem valda mér sársauka.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Ég væri alveg mjög mikið til í að vera vinkona Lönu Del Rey. Ekki aðeins er hún frábær tónlistamaður heldur virkar hún mjög jarðbundin týpa sem ég væri til í að eyða tíma með.

**Ertu í sokkum?** Eins og er þá er ég berfætt … þannig að nei.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Bara kókómjólk.

**Hlölli eða Subway?** Subway, Hlölli er of sveittur að mínu mati.

**Hundar eða kisur?** Hvort tveggja … kisur … elska samt hunda!!

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Ég hlusta á ALLT en það er alls ekki sama hvað það er.

**Snap eða insta?** Já, instagram.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Opið instagram, lokað snapchat.

**Friends eða How I met your mother?** How I met your mother, finnst Friends ekki fyndnir … kærðu mig.



Ágúst Þór Brynjarsson er 18 ára nemandi við Framhaldsskólann á Húsavík. Hann ætlar að taka lagið Forrest Fires

# Gæti ekki hugsað sér lífið án mömmu

**Af hverju það lag?** Lagið hentar mér mjög vel.

**Muntu syngja til einhvers í salnum?** Gunnu, mömmu besta vinar míns.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Þau eru ansi mörg.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Bubbi.

**Fullkomið stefnumót?** Ekki hugmynd, eitthvað óplanað og einfalt.

**Tinder vs Hot or not?** Er lestarstjóri á Hot or Not-vagninum.

**Draumastarf?** Eitthvað sem ég hef ánægju af á hverjum degi.

**Lýstu þér í þremur orðum** Jákvæður, ákveðinn, keppnismaður.

**Uppáhaldslag með Beyonce?** If I were a boy er geggjað.

**Hvert er þitt átrúnaðargoð?** Johnny Johnson er mitt átrúnaðargoð.

**Uppáhaldssnappari?** Oskarpalli, bara skandall að hann skuli ekki hafa unnið So you think you can snap.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Pass.

**Ertu góður í að syngja?** Of course.

**Hvert er planið eftir menntó?** Háskóli.

**iOS vs android?** iOS.

**Hefur löggan stoppað þig?** Yess, reyndar fyrir að keyra of hægt, sem er gríðarlega töff.

**Síðasta lygi sem þú sagðir?** Lýg aldrei.



**Skrítnasti matur sem þú hefur borðað?** Ekkert svo ég muni.

**Hver er þinn helsti ótti?** Gæsir á vegkanti eftir að ein ákvað að brjóta framrúðuna hjá mér.

**Ef þú gætir eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Jón Jónsson. Við myndum 100% finna eitthvað skemmtilegt að gera.

**Furðuleg staðreynd um þig?** Er bullandi þríburi.

**Hvaða fræga einstaklingi myndirðu vilja festast í lyftu með?** Siggu Beinteins.

**Ef þú værir fastur í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur myndirðu vilja að það væri?** Riverdale er spennandi.

**Ertu í sokkum?** Já.

**Vandræðalegasta móment lífs þíns?** Þessi er erfið.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Venjuleg bara.

**Coke vs Pepsi?** Coke.

**Hlölli eða Subway?** Söbbari.

**Hundar eða kisur?** Hundar.

**Ertu A- eða B-manneskja?** A.

**Pönnsur eða vöfflur?** Vöfflur.

**Ertu femínisti?** Yes.

**Á hvernig tónlist hlustar þú?** Alls konar.

**Hvers gætir þú ekki lifað án?** Mömmu.

**Hvað borðarðu á morgnana?** Muslí.

**Bláir eða svartir pennar?** Blue.

**Snap eða insta?** Insta.

**Ertu með opið instagram eða snapchat?** Insta.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.

Þær Amelía Rún 18 ára og Kristbjörg Ásta 19 ára keppa fyrir hönd Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Þær ætla að syngja lagið No Peace duet með Sam Smith og Yebba

# Ólíkar persónur en oft sammála

**Af hverju það lag?** Við erum báðar mjög hrifnar af þessu lagi og fannst þetta bara nokkuð skemmtileg áskorun.

**Munuð þið syngja til einhvers í salnum?** Nei, við vonum ekki.

**Uppáhaldslag til að syngja í sturtu?** Úff, þau eru alltof mörg … Við skulum bara segja að dívurnar séu mjög vinsælar á þessum lista.

**Palli (Páll Óskar) eða Bubbi (Bubbi Morthens)?** Páll Óskar. Hver elskar ekki glimmer og pallíettur?

**Fullkomið stefnumót?** Bara eitthvað nógu dýrt … NEi DJÓK! Við höldum að það væri geðveikt gaman að fara á karaoke-bar.

**Tinder vs Hot or not?** Er Hot or Not ennþá í gangi?

**Draumastarf?** Næstu stórsöngkonur Hollywood.

**Lýsið ykkur í þremur orðum** Amelía: Klaufi, metnaðargjörn og bara eitthvað gott. Kristbjörg: Klaufsk, góðhjörtuð.

**Uppáhaldslag með Beyonce?** Love on Top eða Run the World.

**Uppáhaldssnappari?** Camilla Rut, hún er snillingur.

**Besti leikurinn á leikjanet.is?** Klárlega Bubble Struggle.

**Eruð þið góðar að syngja?** Við höldum allavega lagi … eða svo sögðu mæður okkar.

**Hvert er planið eftir menntó?** Það er í vinnslu …

**Hefur löggan stoppað ykkur?** Nei, ekkert alvarlega.

**Síðasta lygi sem þið sögðuð?** Það eru nokkrar saklausar hér fyrir ofan :)

**Skrítnasti matur sem þið hafið borðað?** Djúpsteiktur kolkrabbi og skata.

**Hver er ykkar helsti ótti?** Við erum báðar lofthræddar.



**Ef þið gætuð eytt einum degi með einhverjum frægum, hver væri það og hvað mynduð þið gera?** Amelía: Jennifer Hudson, ég væri alveg til í smá kennslu hjá henni. Kristbjörg: Úff, allt of margir til að velja úr!

**Furðuleg staðreynd um ykkur?** Við erum mjög sammála um marga hluti þrátt fyrir að vera mjög ólíkar persónur.

**Hvaða fræga einstaklingi mynduð þið vilja festast í lyftu með?** The Rock, til að hann geti barið upp hurðina svo við fáum ekki innilokunarkennd.

**Ef þið væruð fastar í sjónvarpsþætti í viku, hvaða þáttur mynduð þið vilja að það væri?** Kristbjörg: Grace and Frankie því þær eru snillingar.

**Eruð þið í sokkum?** Já! Báðar í svörtum sokkum.

**Vandræðalegasta móment lífsins?** Kristbjörg: Þegar ég datt niður stiga fyrir framan fulla stúku af fólki og hellti nocco yfir allt andlitið á mér. Amelía: Ég rann einu sinni niður allan rúllustigann í Kringlunni, það var ágætlega vandræðalegt. Báðar: Við vonumst því til þess að það verði ekki margir stigar í keppninni.

**Sykurskert kókómjólk eða bara kókómjólk?** Klárlega venjuleg kókómjólk.

**Coke vs Pepsi?** Drekkum hvorki kók né pepsí.

**Hlölli eða Subway?** Subway.

**Hundar eða kisur?** Amelía: Hundar. Kristbjörg: Kisur.

**Eruð þið A- eða B-manneskjur?** Við erum svona mitt á milli A og B. Það eiga allir sína daga.

**Pönnsur eða vöfflur?** Pönnsur!

**Eruð þið femínistar?** Já.

**Á hvernig tónlist hlustið þið?** Bara næstum allan skalann.

**Hvers gætuð þið ekki lifað án?** Súkkulaðis.

**Hvað borðið þið á morgnana?** Cheerios eða hafragraut.

**Uppáhaldsorð?** Kristbjörg: Snilld. Amelía: Hef ekki hugmynd.

**Bláir eða svartir pennar?** Svartir.

**Snap eða insta?** Snap.

**Eruð þið með opið instagram eða snapchat?** Nei.

**Friends eða How I met your mother?** Friends.



Morgunblaðið/Jón Svavarsson



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson





Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson



Skapti Hallgrímsson



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

# Þekkir þú fólkið?

Keppendur í Söngkeppni framhaldsskólanna frá upphafi skipta eflaust hundruðum. Í myndasafni Morgunblaðsins leynist fjöldi mynda frá gömlum keppnum. Hverja þekkir þú á myndunum?



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson



Morgunblaðið/Jón Svavarsson



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson




Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson




Morgunblaðið/Skapti Hallgríms




Morgunblaðið/Skapti Hallgríms




Morgunblaðið/Skapti Hallgríms




Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson




Morgunblaðið/Skapti Hallgríms




Morgunblaðið/Jón Svavarsson




Morgunblaðið/Jón Svavarsson




Morgunblaðið/Skapti Hallgríms


TANNVÆNN
DRYKKUR
Kristall
CARBONATED NATURAL ICELANDIC WATER
Kristall er tannvænn drykkur
Egils